

Reglur um birtingu skjala með fundargerðum á vef Hvalfjarðarsveitar

1. gr. Markmið og tilgangur

Meginmarkmið þessara reglna er að leiðbeina starfsmönnum og kjörnum fulltrúum auk þess að samhæfa verklag við birtingu skjala með fundargerðum á vef sveitarfélagsins.

Tilgangur reglnanna er að birting skjala með fundargerðum sé byggð á málefnalegum forsendum um upplýsingarétt í samræmi við stjórnarsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Reglum þessum er ætlað að auka aðgang íbúa Hvalfjarðarsveitar að skjölum sveitarfélagsins, fyrirtækja þess og samtaka sem það á aðild að, sem lögð eru fram í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins eftir því sem lög og reglugerðir heimila sem og í samræmi við stefnur Hvalfjarðarsveitar. Á sama tíma er reglunum ætlað að koma í veg fyrir birtingu skjala sem óheimilt er að birta samkvæmt gildandi lögum og reglum þar um.

2. gr. Gildissvið

Reglur þessar skulu gilda þegar ákvörðun er tekin um hvort birta skuli skjöl sem lögð eru fyrir nefndir og ráð Hvalfjarðarsveitar á vef sveitarfélagsins www.hvalfjardarsveit.is undir fundargerðir.

3. gr. Meginregla um birtingu gagna

Meginreglan er að birta skal öll skjöl sem lögð eru fyrir sveitarstjórn, nefndir og ráð á vef Hvalfjarðarsveitar, þó með undantekningu skv. 4. og 5. gr. þessara reglna eða lög hindri slíka birtingu.

Erindi frá einstaklingum eða hópi einstaklinga eru ekki birt að frumkvæði sveitarfélagsins á vef Hvalfjarðarsveitar. Með erindi frá einstaklingum eða hópi einstaklinga þarf ósk um birtingu að koma fram með skýrum hætti.

Skjöl með tillögum og/eða erindum sem eiga eftir að hljóta afgreiðslu sveitarstjórnar eru ekki birt fyrr en fundargerðir og mál hafa fengið umfjöllun og afgreiðslu í sveitarstjórn.

4. gr. Skjöl sem óheimilt er að birta

Eftirfarandi skjöl er óheimilt að birta:

- Skjöl um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og lögaðila sem sannjarnt er og eðlilegt að fari leynt.
- Skjöl er innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar.
- Bréfaskipti við sérfróða aðila til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað.
- Vinnuskjöl og innri minnisblöð til eigin nota.
- Skjöl er varða einstaka starfsmenn sveitarfélagsins.
- Samninga við aðra en lögaðila, opinbera aðila, félagasamtök og styrktaraðila, nema fyrir liggja samþykki samningsaðila en meginefni samninga skal þó koma fram í texta fundargerðar.
- Skjöl sem þagnarskylda skal gilda um.
- Skjöl sem falla undir lög um persónuvernd.
- Skjöl sem málsaðili óskar sérstaklega eftir að ekki verði birt.

Ef réttmætur vafi er á því hvort lög heimili birtingu skjala skulu skjöl að jafnaði ekki birt.

5. gr. Skjöl sem ekki er skylt að birta

Ekki er skylt að birta eftirfarandi skjöl ef sérstakar ástæður mæla gegn slíkri birtingu:

- Skjöl er varða tillögur eða viðræður við ríkið um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga.
- Gögn er varða fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sveitarfélagsins.
- Önnur gögn sem falla undir undanþáguákvæði upplýsingalaga.

6. gr. Ábyrgðarsvið og málsmeðferð

Ábyrgð á birtingu skjala með fundargerðum er hjá oddvita vegna sveitarstjórnarfunda og hjá formönnum vegna funda nefnda og ráða. Oddviti í samráði við sveitarstjóra tekur ákvörðun um birtingu skjala strax að loknum sveitarstjórnarfundi. Formaður nefndar eða ráðs í samráði við starfsmann nefndar eða ráðs tekur ákvörðun um birtingu skjala strax að loknum fundi nefndar eða ráðs.

Fyrir fund skal liggja í fundargerðarkerfi tillaga starfsmanns að birtingu skjala til umfjöllunar að loknum fundi.

Skrifstofumaður/skjalavörður yfirfer birtingu skjala eftir lokun fundargerða, hvort skjöl hafi verið birt og þá í samræmi við þessar reglur.

Leiki vafi á heimild til birtingar skjals skal því frestað þar til búið er að yfirfara lagaheimildir og aðrar málefnalegar ástæður.

7. gr. Öryggisbrestur og persónuvernd

Ef um öryggisbrest á birtingu skjala verður fyrir slysi skal leitast við að grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar. Tilkynna ber strax um slík tilvik til Persónuverndar og til persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins.

Reglur þessar taka gildi við samþykkt sveitarstjórnar.

Samþykkt á 321. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar þann 12. janúar 2021.